

Stjórnarfundur haldinn í Mosfellsbæ 10.01 2015

Mættir : Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Magnús Jósepsson, Vignir Sigurðsson og Jón Bjarni Þorvarðarson. Gestur á fundinum var Hulda G. Geirsdóttir fyrrverandi framkvæmdarstjóri Félags hrossabænda.

a) Sveinn bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega Huldu G. Geirsdóttir sem við kvöddum formlega eftir margra ára farsælt starf fyrir félagið, formaður afhendi henni gjöf í þakklætisskyni.

Sveinn bauð Jón Bjarna Þorvarðarson formlega velkomin til starfa þetta er hans fyrsti fundur utan við símafund í lok árs 2014

b) Formaður fór yfir starfsmannamál félagsins þar sem Sveinn hefur farið þess á leit við B.Í að þeir útvegi okkur hlutdeild í starfsmanni þeirra, Sindri formaður B.Í hefur tekið málinu af jákvæðni og hefur Hallveig Fróðadóttir verið nefnd í því sambandi, lýst stjórnarmönnum vel á þennan kost um væri að ræða allt að 30% starf. Sveinn og Vignir munu sjá um að ræða við B.Í varðandi áframhaldandi leigu á skrifstofu og aðra þjónustu sem við þurfum að aðgang að í húsakynnum B.Í.

c) Formaður fór yfir starfshóp sem stjórnin mun skipa er fjalla á um þátttöku kynbótahrossa á landsmótum, eru menn á því að halda sig við að einungis félagsmenn verði í hópnum, nokkra aðila er búið að skipa en unnið að því að skipa þá seinustu hópinn. Stefnt að fyrsta fundi hópsins í lok janúar og ljúki störfum í febrúar.

d) Formaður greindi frá að kominn væri til starfa nýr ábyrgðarmaður hrossaræktar og var Þorvaldur Kristjánsson ráðinn til starfans. Stjórnarmenn fagna ráðningu Þorvaldar og því að búið sé að ráða í þessa stöðu sem er búgreinini mjög mikilvæg í öllu tilliti.

e) Rætt var um að úttekt yrði gerð á afurðaverði hross. Formaður hafði kannað verð á kjötafurðum hrossa á haustdögum og var sama verð hjá öllum sláturleyfishöfum. Mönnum finnst sérstaklega vert að skoða verð á folaldakjöti sem er ótrúlega lágt til hrossabænda þótt um algjört gæðakjöt sé að ræða. Það er hins vegar jákvætt að auðvelt hefur verið að afsetja hross og hefur það hjálpað búgreinini að aðlaga sig að þeirri lægð sem hefur verið í sölu lífhrossa síðustu misseri. Formaður mun kynna sér þessi mál enn frekar og ræða í upphafi m.a við formann sláturleyfishafa.

f) Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann átti með ráðherra málaflokksins og hans fólki sem og öðrum forráðamönnum hestamenskunnar um kynningar og markaðsmál. Markmið fundarins var að leita eftir stuðningi frá því opinbera við markaðsetningu hestsins og hestamenskunar í víðum skilningi og hvaða leiðir væri í boði hvað það varðar. Kynnt var fyrir hagsmunaaðilum að þátttaka af hálfu ríkisins færi gjarnan í gegnum Íslandsstofu og nefnd voru ýmis verkefni í því sambandi. Það er góður vilji til að styðja við markaðsvinnu af hálfu ráðuneytissins og er þegar hafin ákveðin frumvinna með hagsmunaaðilum og fulltrúum Íslandsstofu. Næstu skref í þessu sambandi er að finna samhljóm með hagsmunaaðilum sem getur orðið leiðarljós í þessu verkefni. Verkefni sem gengur út á að fá sem flesta með og hafa boðskapin þannig að hann nái að auka möguleika hestamenskunar og þjónustu í kringum hana í víðum skilningi.

Aðilar hafa rætt um tímalengt og fjárhagshlið á sambærilegum markaðsverkefnum og þá kostnaðarskiptingu sem viðhöfð hefur verið og þurfum við að huga að þeim þætti á síðari stigum. Þónokkur umræða varð um það hvernig félagið geti sótt fé inn í greinina meðal annars til markaðsmála.

Formaður greindi frá fyrirhuguðum fundi þeirra aðila sem áhuga hefðu á aðild að Equitana sýningunni í mars, þar verður m.a farið yfir kostnaðarhlið þátttökunnar, mun Sveinn greina okkur frá þessum fundi í tölvupósti og ákvörðun tekin í framhaldi með þátttöku félagsins að sýningunni, en fundarmenn jákvæðir í garð verkefnisins.

Stjórnarmenn samþykkir því að Vignir gjaldkeri taki yfir að greiða reikninga og fari með prókúru félagsins, gjaldkera falið að breyta þessu í bankanum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Eysteinn Leifsson